

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsið
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ

23. sep. 2020

Málsnr. 2016-08-0022
Frumrit - skilist til skjalasafns

Efni: Villikettir Vestfjörðum

Eins og ykkur er vaflaust kunnugt um var stofnað félag hér í Ísafjarðarbæ í sumar til að vinna að velferð villikatta á svæðinu. Félagið nefnist Villikettir Vestfjörðum og starfar undir merkjum Dýraverndunarfélagsins Villikatta. Markmið félgsins er að hlúa að villi- og vergangsköttum á svæðinu, útvega þeim skjól og matargjafir. Félagið starfar eftir TNR hugmyndafræðinni, fanga - skila, sem er alþjóðleg aðferð.

Áður en kom til formlegrar stofnunar félagsins hafði hópur fólks unnið að þessu málefni um hríð og m.a. bjargað nokkrum vergangsköttum í hús. Eftir að starfsemi félagsins hófst hefur það tekið inn 11 fullorðna ketti og 15 kettlinga. Flestar kisurnar hafa farið á heimili eftir að hafa verið geldar og fengið þá læknisaðstoð sem þær hafa þurft en í þeim tilfellum sem þær eru villtar í eðli sínu er þeim sleppt á sitt svæði aftur og við tryggjum skjól og mat fyrir þær. Þar sem við höfum ekkert húsnæði eru félagsmenn að taka þessar kisur inn á heimili sín og fram að þessu höfum við sjálf lagt til mat og sand og ýmsan búnað. Nú höfum við komið fyrir körfu í Bónus og okkur hafa verið að berast gjafir þar sem og víðar að.

Okkar megin vandi er skortur á húsnæði og við viljum gjarnan koma á samastarfi við sveitarfélagið sem fælist í því að við leggjum fram vinnu okkar við föngun og geldingu villikatta en á móti leggði sveitarfélagið okkur til húsnæði undir starfsemina eða styrk sem nemur mánaðarleigu fyrir húsnæði eigi sveitarfélagið ekkert húsnæði fyrir okkur. Nokkur sveitarfélög í landinu hafa gert samninga við félögin á sínu svæði og hefur það gefist vel. Við óskum því eftir viðræðum við sveitarfélagið um málið.

Ísafirði 23.09 2020

Með vinsemد og virðingu

f.h. stjórnar Villikettir Vestfjörðum

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

jsimonia@internet.is